


FJÁRREIÐUR RÍKISSJÓÐS  
MÁNAÐARYFIRLIT

NÓVEMBER

2018





# Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjársýslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu.

Með lögum um opinber fjármál eru gerðar grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá eru jafnframt gerðar breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér breytta framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 var fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni sem er ekki lokið og er gert ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu niður á málefnasvið
- Lánayfirlit

**Mánaðaryfirlit ríkissjóðs** fyrir janúar – nóvember 2018 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og gjaldfærðra gjalda. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlið, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Þær áætlanir taka í einhverjum tilvikum mið af fluttri fjárheimildastöðu frá fyrra ári sem hefur átt sér stað, með fyrirvara um samþykkt Alþingis á frumvarpi til staðfestingar ríkisreiknings.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja fyrir og sömuleiðis ríkisreikningur fyrir árið 2017 sem lagður var fram um miðjan október síðast liðinn. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni upp hjá stofnunum ásamt orlofsskuldbindingu og öðrum breytingum sem leiða af breyttum reikningsskilaaðferðum. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að reikningsskilin verði að fullu í samræmi við lög um opinber fjármál fyrir en í lok árs 2019. Þegar horft er

á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu og er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna vegna viðskipta milli stofnana að mestu í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 29,7 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði jákvæður um 11,9 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 734,6 ma.kr. á meðan áætlunir gerðu ráð fyrir 703,8 ma.kr. og voru því um 30,8 ma.kr. hærri. Skattar og tryggingagjöld voru 12,4 ma.kr. hærri en áætlunir gerðu ráð fyrir. Stærstu frávikin eru í tekjuskatti einstaklinga sem er 4,4 ma.kr. hærri en áætlunir gerðu ráð fyrir, skattar á fjármagnstekjur sem eru 4,6 ma.kr. hærri og tekjuskattur lögaðila 3,5 ma.kr. hærri. Tekjur af virðisaukaskatti var 6,7 ma.kr. lægri en áætlunir og skattar á alþjóðaverslun og viðskipti 1,7 ma.kr. hærri en áætlunir. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 6,3 ma.kr. á tímabilinu og var 1,8 ma.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá voru tryggingagjöld 1,1 ma.kr. hærri en áætlunir. Aðrar tekjur voru 18,4 ma.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir þar sem mest munaði um rekstrartekjur stofnana. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 660,2 ma.kr. á meðan áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir 667,8 ma.kr. og voru þau því 7,7 ma.kr. lægri en áætlað hafði verið. Laun og launatengd gjöld voru 10,1 ma.kr. yfir áætlunum, framlög og tilfærslur voru 4,1 ma.kr. lægri en gert var ráð fyrir og annar rekstrarkostnaður 13,8 ma.kr. Fjármagnsgjöld námu 65,7 ma.kr. samanborið við 53,2 ma.kr. í heimildum og fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals voru neikvæð um 44,8 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 24,1 ma.kr. en frávikid skýrist annars vegar með arðgreiðslum sem voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og hins vegar með vaxtagjöldum sem voru 12,5 ma.kr. hærri. Eins og áður segir eru tekjurnar færðar á greiðslugrunni í þessu yfirliti. Meðhöndlun á arðgreiðslum mun breytast þegar yfirlitin verða færð yfir á rekstrargrunn eins og Ríkisreikningur er gerður á.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 90,7 ma.kr. á tímabilinu þar sem innheimtar tekjur námu 789,7 ma.kr. og greidd gjöld 699,1 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam innstreymi vegna þeirra 29,0 ma.kr. Hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 85,3 ma.kr. og batnaði staða á handbæru fé um 34,4 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefnasviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Þar eru dregin fram rekstraráhrif annars vegar og fjárfestingar hins vegar. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefnasviða þar sem horft er á rekstur sem útgjöld að frádregnum tekjum stofnana, þá er jafnframt birt fjárfesting tímabilsins. Til samanburðar er svo áætlun tímabilsins sem inniheldur áætlaðar fjárfestingar. Niðurstaða þessa yfirlits er að rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 687,0 ma.kr. og fjárfestingar tímabilsins samtals um 26,9 ma.kr. Áætlun fyrir tímabilið gerði ráð fyrir 702,9 ma.kr. og eru útgjöldin því 11,0 ma.kr. innan áætlana. Helstu frávik eru á málefnasviði 33 þar sem útgjöld eru 14,8 ma.kr. hærri en áætlunir, málefnasviði 7 þar sem útgjöld eru 3,6 ma.kr. hærri en áætlunir og málefnasvið 11 sem er 2,4 ma.kr. yfir áætlunum. Málefnasvið 21 er 2,8 ma.kr. innan áætlana, málefnasvið 25 samtals 2,5 ma.kr. undir áætlunum og málefnasvið 28 með útgjöld 1,8 ma.kr. undir áætlunum. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan nánara sundurbrot á þessari hagrænu skiptingu útgjalda samanborið við áætlunir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti en í yfirliti 7 er að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2018



### Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Tekjur</b>			
Skatttekjur .....	582.829	571.555	11.274
Tryggingagjöld .....	87.485	86.383	1.102
Aðrar tekjur .....	64.305	45.904	18.401
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>734.619</b>	<b>703.842</b>	<b>30.776</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	205.981	195.873	10.108
Framlög og tilfærslur .....	287.685	291.822	-4.137
Annar rekstrarkostnaður .....	149.813	163.580	-13.767
Afskriftir .....	16.676	16.573	102
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>660.154</b>	<b>667.848</b>	<b>-7.694</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>74.465</b>	<b>35.995</b>	<b>38.470</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur .....	20.897	29.101	-8.203
Vaxtagjöld og verðbætur .....	65.683	53.225	-12.458
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....</b>	<b>-44.786</b>	<b>-24.125</b>	<b>-20.661</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>29.679</b>	<b>11.870</b>	<b>17.809</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2018



### Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	
<b>Innheimta</b> .....	<b>789.737</b>
Skatttekjur .....	582.829
Tryggingagjöld .....	87.485
Aðrar tekjur .....	64.305
Vaxtatekjur .....	20.897
Birgðabreyting .....	-504
Viðskiptakröfur, breyting .....	34.726
<b>Greiðslur</b> .....	<b>-699.054</b>
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar .....	-355.794
Fjármagnskostnaður .....	-65.683
Framlög og tilfærslur .....	-287.685
Viðskiptaskuldir, breyting .....	10.108
<b>Handbært fé frá rekstri samtals</b> .....	<b>90.684</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	
Fjárfesting .....	-29.311
Veitt löng lán .....	-4.121
Afborganir af langtímakröfum .....	6.195
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum .....	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	56.225
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b> .....	<b>28.988</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	
Skammtímaskuldir, nettó .....	-4.884
Langtímaskuldir .....	47.711
Afborganir af langtímaskuldum .....	-128.122
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b> .....	<b>-85.295</b>
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	<b>34.377</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - nóvember 2018

### Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld .....</b>	<b>670.314</b>	<b>657.938</b>	<b>12.376</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað .....</b>	<b>259.651</b>	<b>247.089</b>	<b>12.562</b>
Tekjuskattur, einstaklingar .....	164.693	160.262	4.430
Tekjuskattur, lögaðilar .....	58.519	54.977	3.542
Skattur á fjármagnstekjur .....	36.440	31.850	4.590
<b>Skattar á launagr. og vinnuafll .....</b>	<b>8.078</b>	<b>7.520</b>	<b>558</b>
Fjársýsluskattur .....	3.033	2.796	237
Annað .....	5.045	4.724	321
<b>Eignarskattar .....</b>	<b>9.459</b>	<b>8.738</b>	<b>721</b>
Stimpilgjöld .....	4.434	4.563	-130
Erfðafjárskattur .....	4.173	3.667	506
Aðrir eignarskattar .....	852	508	345
<b>Skattar á vöru og þjónustu .....</b>	<b>288.490</b>	<b>294.619</b>	<b>-6.128</b>
Virðisaukaskattur .....	207.750	214.431	-6.680
Vörugjöld af ökutækjum .....	9.058	7.330	1.728
Vörugjöld af bensíni .....	11.431	12.328	-898
Olíugjald .....	10.966	10.423	543
Kolefnisgjald .....	4.992	5.010	-19
Áfengisgjald .....	16.692	16.549	142
Tóbaksgjald .....	5.144	5.555	-411
Vörugjald, umhverfisskattar .....	4.119	4.076	44
Önnur vörugjöld .....	888	1.756	-868
Sértækir þjónustuskattar .....	6.107	6.114	-7
Bifreiðagjald .....	7.410	7.447	-37
Aðrir neyslu og leyfisskattar .....	3.933	3.599	334
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti .....</b>	<b>3.528</b>	<b>1.821</b>	<b>1.707</b>
<b>Aðrir skattar .....</b>	<b>13.622</b>	<b>11.768</b>	<b>1.855</b>
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra .....	2.323	2.352	-29
Útvarpsgjald .....	4.181	4.078	104
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	6.280	4.505	1.775
Ýmsir skattar á atvinnurekstur .....	839	834	5



Allar tölur eru í millj.kr.

	<b>Raun</b>	<b>Ácætlun</b>	<b>Frávik</b>
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>87.485</b>	<b>86.383</b>	<b>1.102</b>
Tryggingagjald almennt .....	59.403	58.879	523
Fæðingaorlofssjóður .....	8.772	8.615	157
Atvinnutryggingagjald .....	18.468	17.988	480
Önnur tryggingagjöld .....	842	901	-59
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>318</b>	<b>3.568</b>	<b>-3.250</b>
<b>Fjármagnstekjur</b> .....	<b>20.897</b>	<b>29.101</b>	<b>-8.203</b>
Dráttarvextir af skatttekjum .....	3.830	4.400	-570
Aðrar vaxtatekjur .....	3.688	7.048	-3.360
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum .....	13.379	17.653	-4.273
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>20.687</b>	<b>23.670</b>	<b>-2.984</b>
Veiðigjald .....	10.129	9.491	639
Leigutekjur .....	167	1.709	-1.541
Sala á vöru og þjónustu .....	6.694	7.419	-725
Sektir og skaðabætur .....	2.930	2.177	752
Stöðugleikaframlög .....	730	94	636
Ýmsar og óskilgreindar tekjur .....	37	2.781	-2.744
<b>Sala eigna</b> .....	<b>54</b>	<b>767</b>	<b>-712</b>
<b>Ýmsar rekstrartekjur stofnana (45, 46, 47)</b> .....	<b>43.246</b>	<b>17.899</b>	<b>25.347</b>
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>755.516</b>	<b>732.943</b>	<b>22.573</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - nóvember 2018

### Yfirlit 4 – Málefнасvið, kostnaður

### að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.	Rekstur	Fjár- festing	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %
<b>Málefнасvið samtals .....</b>	<b>686.988</b>	<b>26.904</b>	<b>702.906</b>	<b>10.986</b>	<b>2%</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	4.622	27	5.394	-745	-14%
02 Dómstólar .....	2.733	25	2.800	-42	-2%
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	1.896	18	2.319	-405	-17%
04 Utanríkismál .....	12.530	99	10.521	2.108	20%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	16.797	557	16.555	799	5%
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	2.426	56	2.677	-194	-7%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	12.631	17	9.061	3.587	40%
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	19.110	0	19.092	18	0%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	21.266	646	21.892	20	0%
10 Rétt. einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mál. ....	13.987	39	12.568	1.458	12%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	23.604	21.170	42.400	2.374	6%
12 Landbúnaðarmál .....	14.206	30	14.350	-114	-1%
13 Sjávarútvegur .....	4.398	155	4.014	539	13%
14 Ferðapjónusta .....	1.803	2	1.873	-68	-4%
15 Orku- og eldsneytismál .....	3.543	0	3.630	-87	-2%
16 Mark.eftirl. og stj.sýsl. atv.mála og nýsk. ....	3.616	10	4.072	-446	-11%
17 Umhverfismál .....	12.247	1.341	14.854	-1.266	-9%
18 Menning og listir .....	10.456	236	11.571	-878	-8%
19 Fjölmiðlun .....	3.816	1	3.817	0	0%
20 Framhaldsskólastig .....	26.116	295	27.423	-1.011	-4%
21 Háskólastig .....	27.978	658	31.434	-2.798	-9%
22 Ö. sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála .....	4.247	16	4.343	-80	-2%
23 Sjúkrahúspjónusta .....	76.059	1.142	73.780	3.421	5%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	41.427	178	43.176	-1.571	-4%
25 Hjúrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	40.381	11	42.899	-2.507	-6%
26 Lyf og lækningavörur .....	20.244	0	20.582	-338	-2%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	51.331	0	51.689	-358	-1%
28 Málefni aldraðra .....	67.039	0	68.876	-1.837	-3%
29 Fjölskyldumál .....	29.650	29	31.021	-1.341	-4%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	16.523	46	16.178	391	2%
31 Húsnæðisstuðningur .....	11.069	0	12.681	-1.611	-13%
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	6.596	99	7.080	-386	-5%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	82.640	-0	67.798	14.842	22%
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir .....	0	0	487	-487	

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - nóvember 2018



## Yfirlit 5 - Málefnasvið, skipt niður á eðli útgjalda

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Framlag ríkissjóðs	Áætlun tímabils	Frávik
<b>Málefnasvið samtals .....</b>	<b>451.289</b>	<b>284.716</b>	<b>9.203</b>	<b>-58.221</b>	<b>686.988</b>	<b>26.904</b>	<b>713.892</b>	<b>702.906</b>	<b>10.986</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	4.594	121	0	-93	4.622	27	<b>4.649</b>	5.394	-745
02 Dómstólar .....	2.734	0	0	-2	2.733	25	<b>2.758</b>	2.800	-42
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	1.792	111	0	-7	1.896	18	<b>1.914</b>	2.319	-405
04 Utanríkismál .....	7.398	6.732	0	-1.600	12.530	99	<b>12.629</b>	10.521	2.108
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	25.161	905	0	-9.269	16.797	557	<b>17.354</b>	16.555	799
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	3.465	0	0	-1.040	2.426	56	<b>2.482</b>	2.677	-194
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	1.733	6.793	5.128	-1.023	12.631	17	<b>12.649</b>	9.061	3.587
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	14	19.325	0	-229	19.110	0	<b>19.110</b>	19.092	18
09 Almanna- og réttaröryggi .....	23.539	423	0	-2.697	21.266	646	<b>21.912</b>	21.892	20
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála .....	11.135	3.262	0	-409	13.987	39	<b>14.026</b>	12.568	1.458
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	19.439	4.332	517	-684	23.604	21.170	<b>44.774</b>	42.400	2.374
12 Landbúnaðarmál .....	1.742	12.819	0	-354	14.206	30	<b>14.236</b>	14.350	-114
13 Sjávarútvegur .....	5.137	487	157	-1.383	4.398	155	<b>4.553</b>	4.014	539
14 Ferðaþjónusta .....	482	668	710	-57	1.803	2	<b>1.806</b>	1.873	-68
15 Orku- og eldsneytismál .....	547	3.034	0	-38	3.543	0	<b>3.543</b>	3.630	-87
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp. ....	3.631	198	0	-214	3.616	10	<b>3.626</b>	4.072	-446
17 Umhverfismál .....	10.962	3.769	764	-3.248	12.247	1.341	<b>13.588</b>	14.854	-1.266
18 Menning og listir .....	7.481	4.452	8	-1.485	10.456	236	<b>10.692</b>	11.571	-878
19 Fjölmiðlun .....	3.819	0	0	-3	3.816	1	<b>3.817</b>	3.817	0
20 Framhaldsskólastig .....	25.139	2.525	0	-1.547	26.116	295	<b>26.411</b>	27.423	-1.011

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Framlag ríkissjóðs	Áætlun tímabils	Frávik
21 Háskólastig .....	29.970	7.601	0	-9.593	27.978	658	<b>28.636</b>	31.434	-2.798
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála .....	3.156	1.562	0	-471	4.247	16	<b>4.262</b>	4.343	-80
23 Sjúkrahúsaþjónusta .....	82.881	3.947	0	-10.770	76.059	1.142	<b>77.200</b>	73.780	3.421
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	28.095	20.098	0	-6.766	41.427	178	<b>41.605</b>	43.176	-1.571
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....	42.327	197	0	-2.142	40.381	11	<b>40.393</b>	42.899	-2.507
26 Lyf og lækningavörur .....	7.848	12.396	0	-0	20.244	0	<b>20.244</b>	20.582	-338
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	131	51.210	0	-9	51.331	0	<b>51.331</b>	51.689	-358
28 Málefni aldraðra .....	13	67.032	0	-7	67.039	0	<b>67.039</b>	68.876	-1.837
29 Fjölskyldumál .....	2.773	27.015	0	-138	29.650	29	<b>29.679</b>	31.021	-1.341
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	3.933	14.135	0	-1.546	16.523	46	<b>16.569</b>	16.178	391
31 Húsnæðisstuðningur .....	226	8.925	1.918	0	11.069	0	<b>11.069</b>	12.681	-1.611
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	7.351	643	0	-1.399	6.596	99	<b>6.694</b>	7.080	-386
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	82.641	0	0	-1	82.640	-0	<b>82.640</b>	67.798	14.842
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir .....	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>	487	-487

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - nóvember 2018

### Yfirlit 6 – Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
<b>Rekstrargjöld</b> .....	<b>451.289</b>	<b>429.251</b>	<b>22.039</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	4.594	4.474	121
02 Dómstólar .....	2.734	2.756	-22
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	1.792	1.967	-175
04 Utanríkismál .....	7.398	7.112	286
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	25.161	21.600	3.561
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	3.465	3.558	-92
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	1.733	1.884	-150
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	14	0	14
09 Almanna- og réttaröryggi .....	23.539	23.275	264
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála .....	11.135	9.732	1.402
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	19.439	19.422	17
12 Landbúnaðarmál .....	1.742	1.681	60
13 Sjávarútvegur .....	5.137	5.143	-7
14 Ferðapjónusta .....	482	428	54
15 Orku- og eldsneytismál .....	547	675	-128
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp. ....	3.631	4.012	-380
17 Umhverfismál .....	10.962	11.319	-357
18 Menning og listir .....	7.481	7.248	233
19 Fjölmiðlun .....	3.819	3.817	3
20 Framhaldsskólastig .....	25.139	26.112	-974
21 Háskólastig .....	29.970	29.848	122
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála .....	3.156	3.344	-188
23 Sjúkrahúsaþjónusta .....	82.881	80.881	2.000
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	28.095	27.672	423
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	42.327	40.161	2.166
26 Lyf og lækningavörur .....	7.848	8.320	-472
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	131	237	-106
28 Málefni aldraðra .....	13	0	13
29 Fjölskyldumál .....	2.773	3.421	-648
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	3.933	3.831	102
31 Húsnæðisstuðningur .....	226	127	100
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	7.351	7.495	-143
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbinding .....	82.641	67.700	14.941

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
<b>Rekstrartilfærslur .....</b>	<b>284.716</b>	<b>275.627</b>	<b>9.089</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	121	68	53
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	111	165	-54
04 Utanríkismál .....	6.732	3.627	3.105
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	905	923	-18
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	6.793	1.311	5.482
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	19.325	19.092	233
09 Almanna- og réttaröryggi .....	423	317	106
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála .....	3.262	3.194	67
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	4.332	3.199	1.132
12 Landbúnaðarmál .....	12.819	13.053	-234
13 Sjávarútvegur .....	487	362	125
14 Ferðapjónusta .....	668	709	-41
15 Orku- og eldsneytismál .....	3.034	3.039	-5
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp. ....	198	174	25
17 Umhverfismál .....	3.769	3.765	3
18 Menning og listir .....	4.452	4.842	-390
19 Fjölmíðlun .....	0	0	0
20 Framhaldsskólastig .....	2.525	1.781	743
21 Háskólastig .....	7.601	7.085	516
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála .....	1.562	1.505	57
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	3.947	2.085	1.862
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	20.098	19.869	229
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	197	1.033	-836
26 Lyf og lækningavörur .....	12.396	12.263	134
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks .....	51.210	51.452	-242
28 Málefni aldraðra .....	67.032	68.876	-1.843
29 Fjölskyldumál .....	27.015	27.501	-486
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	14.135	13.810	325
31 Húsnæðisstuðningur .....	8.925	9.765	-841
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	643	761	-118

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
<b>Fjármagnstilfærslur .....</b>	<b>9.203</b>	<b>16.195</b>	<b>-6.992</b>
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	5.128	6.999	-1.871
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála .....	0	0	0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	517	1.324	-807
13 Sjávarútvegur .....	157	534	-377
14 Ferðþjónusta .....	710	745	-35
17 Umhverfismál .....	764	1.429	-665
18 Menning og listir .....	8	629	-620
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	0	0	0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....	0	1.443	-1.443
31 Húsnæðisstuðningur .....	1.918	2.789	-870
Ýmis málefna svið .....	0	303	-303
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>745.209</b>	<b>721.073</b>	<b>24.136</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>-58.221</b>	<b>-46.164</b>	<b>-12.056</b>
<b>Rekstur samtals .....</b>	<b>686.988</b>	<b>674.909</b>	<b>12.080</b>
<b>Fjárfestingarframlög .....</b>	<b>26.904</b>	<b>32.273</b>	<b>-5.369</b>
02 Dómstólar .....	25	44	-19
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	18	189	-171
04 Utanríkismál .....	99	83	16
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	557	831	-274
06 Grunnkrár og upplýsingamál .....	56	50	6
09 Almanna- og réttaröryggi .....	646	765	-119
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála .....	35	19	16
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	21.170	19.895	1.275
13 Sjávarútvegur .....	155	81	74
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp. ....	14	48	-34
17 Umhverfismál .....	1.341	1.188	153
18 Menning og listir .....	236	240	-4
20 Framhaldsskólastig .....	295	523	-228
21 Háskólastig .....	658	2.259	-1.600
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála .....	16	19	-3
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	1.142	3.196	-2.054
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	178	139	39
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....	11	818	-807
29 Fjölskyldumál .....	29	211	-181
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	46	16	30
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	99	78	21
Ýmis málefna svið .....	77	1.582	-1.504

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - nóvember 2018



### Yfirlit 8 - Lánayfirlit

	Árslok 2017 Samtals	Hreyfingar á árinu 2018			Nóvember- lok 2018 Samtals
		Tekin / lán	Afborgun	Endurmat	
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>					
<b>Veitt löng lán, nettó</b> .....	<b>14.029</b>	<b>4.121</b>	<b>-6.195</b>	<b>1.091</b>	<b>13.047</b>
<b>Veitt löng lán</b> .....	<b>54.865</b>	<b>4.121</b>	<b>-6.195</b>	<b>1.091</b>	<b>53.883</b>
Veitt lán til Seðlabanka Íslands .....	-	-	-	-	0
Veitt lán, önnur .....	54.865	4.121	-6.195	1.091	53.883
<b>Innheimtar afborganir af veittum löngum lánum</b> .....	-	-	-	-	-
Innheimtar afborganir frá Seðlabanka Íslands .....	-	-	-	-	-
Innheimtar afborganir, aðrar .....	-	-	-	-	-
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldur</b> .....	<b>-40.836</b>	-	-	-	<b>-40.836</b>
<b>Tekin löng lán, nettó</b> .....	<b>-820.851</b>	<b>-47.711</b>	<b>128.122</b>	<b>-21.390</b>	<b>-761.830</b>
<b>Tekin löng lán</b> .....	<b>-900.765</b>	<b>-47.766</b>	<b>128.122</b>	<b>-21.390</b>	<b>-841.799</b>
Spariskírteini .....	-206.859	-9.204	1.242	-6.161	-220.982
Ríkisbréf .....	-530.831	-38.448	123.542	0	-445.738
Seðlabanki Íslands .....	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Önnur innlend lán .....	-46.982	-114	3.442	-1.324	-44.978
Erlend lán .....	-116.092	0	-104	-13.905	-130.101
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir</b> .....	<b>79.914</b>	<b>55</b>	-	-	<b>79.968</b>

1) Eignaaukning eða skuldaminnkun = -